

10. FUNDUR SAMEININGARNEFNDAR A-HÚN

Fimmtudaginn 19. mars 2019, var fundur haldinn í sameiningarnefnd A-Hún kl 16:00 í gegnum ZOOM fjarfundarkerfi.

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason, Þóra Sverrisdóttir, Einar Kristján Jónsson og Ragnhildur Haraldsdóttir

Frá Skagaströnd: Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir.

Frá Blönduósbae: Valdimar O. Hermannsson, Guðmundur Haukur Jakobsson og Anna Margret Sigurðardóttir.

Frá Skagabyggð: Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson.

Jón Gíslason, formaður nefndarinnar setti fundinn og fól Róberti Ragnarssyni að stjórna fundinum og Einari Kristjáni Jónssyni að rita fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð frá 25. febrúar 2020:

- a. *Fyrir fundinum lá fundargerð síðasta fundar nefndarinnar frá 25. febrúar 2020. Fundargerðin var samþykkt og hefur þegar verið birt á huni.is*

2. Áhersluatriði og hagsmunagreining:

- a. *Róbert Ragnarsson gerði grein fyrir vegalengdum og yfirlag vega, stofnvegir, stofnvegir á hálendi, tengivegir, landsvegir og héraðsvegir eru um samtals 547,8 km að lengd, þar af 137,24 km með bundnuslitlagi. Var þetta lagt fram svo að fundarmenn myndu átta sig á þeim verkefnum sem framundan eru í samgöngubótum og sem hægt væri að koma á framfæri við stjórnvöld.*

- b. *Jón Hrói Finnsson, fór yfir helstu áhersluatriði og hagsmuni sem sveitarfélögin telja mikilvægt að verði í forgrunni í vinnu nefndarinnar, er þetta framhald af vinnu síðasta fundar. Var ráðgjöfum falið að vinna frumdrög að hagsmunagreiningu.*

- i. Jón Hrói Finnsson leiddi umræður um styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í tengslum við atvinnu- og byggðaðróun og samgöngumál.
- ii. Umræða um hver eiga að vera helstu áhersluatriði og hagsmunir sem Austur-húnvetningar vilja leggja fram í samskiptum við ríki og Alþingi.

3. Aðild annarra sveitarfélaga að viðræðunum:

- a. *Kannaður var áhugi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akrahrepps og Húnaþings-vestra að koma formlega að viðræðum að sameiningu.*
 - i. Svör hafa borist frá Sveitarfélaginu Skagafirði og Húnaþingi-vestra þar sem þau, afþakka þátttöku í þessum viðræðum.

4. Frumgreining fjárhags:

- a. *Róbert Ragnarsson kynnti frumgreiningu fjárhags sveitarfélaganna.*
 - i. Var ráðgjöfum falið að vinna þessa greiningu áfram.

5. Samskiptasáttmáli verkefnisins:

- a. *Róbert Ragnarsson kynnti drög að samskiptasáttmála lögð fram til umræðu og afgreiðslu.*
- b. *Samskiptasáttmálinn var samþykktur samhljóða og verður undirritaður síðar.*

6. Önnur mál:

- a. *Ekkert var bókað undir þessum lið.*

7. Næsti fundur:

- a. *Ákveðið var að halda næsta fund 16. April næstkomandi. Fundurinn verður boðaður með dagskrá.*

Fleira ekki gert,
Fundi slitið klukkan 18:25

Einar Kristján Jónsson (sign)